

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2016:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 5. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á heilsuúri, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 15. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 24. febrúar. Með bréfi, dags. 7. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 15. mars. Með bréfi, dags. 22. mars, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum. Með bréfi, dags. 5. apríl, tilkynnti seljandi að hann teldi ekki tilefni til frekari andsvara. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 17. desember 2014 keypti einkahlutafélagið Z heilsuúr af gerðinni Withings Pulse af seljanda fyrir kr. 24.750. Mun álitsbeiðandi vera fyrirsvarsmáður félagsins. Segist álitsbeiðandi hafa keypt úrið sem jólagjóf fyrir dóttur sína. Fljótlega eftir kaupin hafi komið í ljós að heilsuúrið mældi skref á meðan keyrt var frá Reykjavík til Selfoss, þ.e. 1700 skref. Var álitsbeiðandi ekki sátt við þetta og skilaði úrinu til seljanda hinn 4. febrúar 2015 og óskaði eftir því að úrið yrði prófað í bifreið. Slíka prófun hafi seljandi ekki framkvæmt. Segir álitsbeiðandi að úrið hafi verið hjá seljanda alla tíð síðan. Seljandi neiti að taka við úrinu aftur á þeim forsendum að það væri notað.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar á kaupunum. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum aðila máls, sem og afrit af reikningi fyrir kaupum á umræddu úri, dags. 17. desember 2014.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur sig vera búinn að sannreyna að heilsuúrið sé ógallað. Segist seljandi ítrekað hafa tekið úrið inn á borð og farið yfir það og sannreynt mælingarnar. Þá hafi yfirmaður tæknisviðs framleiðanda athugað úrið sjálft og ekkert bendi til annars en að úrið sýni niðurstöður sem séu í samræmi við það sem verið sé að mæla. Tekur seljandi og fram að félagið hafi ekki séð sér fært að taka við notaðri vöru sem sé í lagi. Álitsbeiðandi hafi ítrekað neitað að taka við úrinu aftur og því hafi það setið hjá félaginu mánuðum saman. Meðfylgjandi andsvörum er afrit af tölvupóstsamskiptum aðila máls.

#### **V**

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir m.a. að seljandi hafi aldrei tekið fram að félagið hafi sannreynt að úrið mæli skref í akstri. Ítrekar álitsbeiðandi að hún hafi skilað úrinu þar sem það mældi 1600 skref í bifreið á milli Reykjavíkur og Selfoss í janúar 2015.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en kaupandi skv. reikningi var einkahlutafélag, en ekki einstaklingur, og því geta lög nr. 48/2003 um neytendakaup ekki átt við í málinu.

Eins og að framan er rakið keypti einkahlutafélagið Z heilsuúr af gerðinni Withings Pulse hinn 17. desember 2014 fyrir kr. 24.750. Segir álitsbeiðandi að í janúar 2015 hafi komið í ljós að úrið mældi 1700 skref þegar sá er gekk með úrið sat í bifreið milli Reykjavíkur og Selfoss. Taldi álitsbeiðandi um bilun eða galla að ræða og skilaði úrinu til seljanda og óskaði eftir því að seljandi mældi virkni úrsins við samskonar aðstæður. Einhverju síðar fór álitsbeiðandi fram á riftun kaupanna. Seljandi segist hafa prófað úrið og ekkert fundið að virkni þess. Hafnar hann því kröfum álitsbeiðanda.

Um galla er fjallað í 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í a.-lið 2. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í 4. mgr. 17. gr. segir síðan: „Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.“.

Heilsuúr, líkt og það sem deilt er um í málinu, hafa notið aukinna vinsælda undanfarin ár. Eru slík úr mörg búin hreyfiskynjurum og í sumum tilvikum einhverskonar púlsmælum. Þá eru enn aðrar tegundir þessar GPS staðsetningarbúnaði o.s.fv. Hreyfiskynjarar, einn eða fleiri, staðsettir á úlnlið geta vart mælt með algjörri nákvæmni skrefafjölda notanda, eða annað sem skynjurum er ætlað að mæla. Getur það þannig leitt til þess að úr sem þessi mæli skref þegar raunin er að notandi úrsins er hjólandi, nýtir sér almenningsamgöngur eða situr undir stýri. Getur þannig bæði önnur hreyfing notandans, þó sitjandi sé, snöggar handahreyfingar eða annað leitt til þess að tæki sem þessi mæli skref. Þá getur t.d. hrjúft undirlag við hjólreiðar eða annað gert það að verkum að heilsuúr mæli skref þegar notandi þess er í raun sitjandi. Er þannig almennt séð ekki hægt að ætla slíkum tækjum algera nákvæmni og þarf þannig nokkuð að bregða útaf ef fallast ætti á að slíkt tæki væri, vegna of- eða vanmælinga á skrefum, haldið galla.

Það er meginregla í kauparétti að sá sem heldur fram galla þarf að sýna fram á tilvist hans. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er að finna lögfesta undantekningu á þessari reglu, en þar er gengið út frá því að galli sem kemur fram innan sex mánaða frá kaupum hafi verið til staðar við kaupin. Þar sem úr álitsbeiðanda var keypt af einkahlutafélagi, en ekki henni sjálfri, gildir hins vegar ekki sú regla, þar sem hana er ekki að finna í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en lögskipti aðila falla undir þau lög. Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram nein gögn eða athuganir á úrinu, ef frá er talin fyrrgreind fullyrðing hennar um að úrið hafi talið 1600 eða 1700 skref við akstur milli Reykjavíkur og Selfoss. Gegn fullyrðingum seljanda um að úrið sé gallalaust og hafi staðist prófanir þar af lútandi, telur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi tekki tekist að sýna fram á að heilsuúr það er keypt var af seljanda hinn 17. desember 2014 hafi verið haldið galla. Verður því að hafna kröfum hennar.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X f.h. Z, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir